



# Hópvinnna í meðferðarstarfi félagsráðgjafa, iðjuþjálfna og sálfræðinga

**Hervör Alma Árnadóttir, félagsráðgjafi MSW, lektor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands**

**Aníta Kristjánsdóttir, félagsráðgjafi MA, nemi í tölvunarfræði við Háskóla Íslands**



Hervör Alma Árnadóttir



Aníta Kristjánsdóttir

## Útdráttur

Hópvinnna á sér langa sögu innan velferðarþjónustu, þar á meðal við félagsráðgjöf. Á síðustu árum hafa fræðimenn lýst áhyggjum af stöðu hópvinnu. Þeir telja að nýting hópvinnu sem aðferðar sé ekki í samræmi við þá gagnsemi sem niðurstöður rannsókna benda til að hópvinnna geti haft, og segja að aðferðinni sé ekki gefinn nægilegur gaumur í námi fagstéttanna. Í þessari grein verða kynntar niðurstöður rannsókna á notkun og þekkingu félagsráðgjafa, iðjuþjálfna og sálfræðinga á hópvinnu í faglegu starfi. Markmiðið er að kanna notkun hópvinnu meðal fagstétta sem vinna að meðferð og stuðningi. Rannsóknargagna var aflað frá félagsmönnum stéttar- og fagfélaga félagsráðgjafa, iðjuþjálfna og sálfræðinga. Niðurstöður leiddu í ljós að faghóparnir nýta allir hópvinnu en í mismiklum mæli. Iðjuþjálfar nýttu sér helst hópvinnu en félagsráðgjafar einna síst. Faghóparnir töldu sig hafa fengið mismikla menntun og þjálfun í starfsháttum hópvinnu í námi sínu en það virðist ekki alltaf tengjast því hvort þeir nýttu þessa aðferð í starfi. Mestan undirbúning í námi töldu iðjuþjálfar sig hafa fengið en sálfræðingar töldu sig síst hafa hlotið slíkan undirbúning á námstímanum. Höfundar telja að félagsráðgjafar geti nýtt hópvinnu betur í faglegu starfi og að efla þurfi menntun og þjálfun í starfsháttum hópvinnu.

**Lykilorð:** hópvinnna, menntun, félagsráðgjöf.

## Abstract

There is a long tradition for group work within the social services. This applies to social work as well. In recent year's researchers in the field have shown concern about the status of group work. Research has demonstrated that its deployment is much less than could be expected in terms of the benefits group work practice involves. Research has also shown that group work is to a degree neglected in the education of social service professionals. In this paper we present the results of our research into the training and deployment of group work among social workers, occupational therapists, and psychologists. The aim is to explore the use of group work and knowledge about its methods among professionals that work in disciplines dealing with therapy and social support. Data for the research was collected from social workers, occupational therapists, and psychologists. The research approach was quantitative and the participants responded to an e-mail survey. Results show that in general these professional groups are using group work to a

varying degree. Occupational therapists were most likely to use group work in their practice but social workers the least. From their responses it is obvious that there was a difference in how much training participants perceive they have had in the methods of group work during the course of their studies. There was, however, not a correlation between the amount of training they had and whether they used the technique or not. Occupational therapists perceive they have had the most training in group work techniques and psychologists the least. We believe that our conclusions show that social workers could use group work to a greater extent in their professional work and that there is a clear need for better education and training in group work techniques for professionals working in social practice.

**Keywords:** group work, education, social work.

## Inngangur

Hópvinnna á sér langa sögu innan velferðarþjónustu, þar á meðal við félagsráðgjöf þar sem hópvinnna er ein af þremur meginvinnuaðferðum. Lengi vel hafa menn skilið hvern árangur það getur borið að koma saman í hóp til að ná fram breytingum og miðla fræðslu (Andrews, 2001; Drumm, 2006). Það er því ekki að furða að á upphafsárum þeirra faggreina sem hér um ræðir kusu ýmsir fagmenn að vinna með einstaklingum í hópi fremur en að beita einstaklingsmeðferð. Í kjölfarið fóru rannsakendur að gefa gaum að gagnsemi hópvinnu (Cartwright, 2008) og rýna í hvað það væri í þessari aðferð sem stuðlaði að virkni og árangri. Mikil gróska var í rannsóknum tengdum hópvinnu um miðja síðustu öld. Sálfræðingurinn Kurt Lewin setti mark sitt á þá þróun þegar hann setti fram hugtakið hópvrkni (e. group dynamics) til að lýsa því sem gerist þegar einstaklingar leysa saman úr læðingi afl sem er máttugra en summan af kröftum einstaklinganna sem mynda hópinn (Lewin, 1947; Whatley, 2012). Með þeirri uppgötvun staðfesti hann að í ákveðnum tilfellum gæti hópvinnna verið betri kostur en einstaklingsvinna.

Hópvinnna hefur verið greind í fjóra meginflokk



eftir viðfangsefnum hópsins og því hvernig honum er stjórnað. Flokkarnir eru *teymi* (e. work groups), *fræðslu/lærdómshópar* (e. psychoeducational groups), *ráðgjafar/stuðningshópar* (e. counseling groups) og *samtalsmeðferðarhópar* (e. psychotherapy groups) (Gladding, 2012). Hér á eftir verður fyrst og fremst fjallað um ráðgjafar/stuðningshópa og samtalsmeðferðarhópa þar sem um er að ræða hópvinna undir forystu fagfólks. Í hópvinna af því tagi fá þátttakendur stuðning við að endurskoða líf sitt og þróa með sér nýja eða breytta hæfni. Í meðferðinni er beitt starfsháttum sem miðast við að ná í senn settum markmiðum hópsins og einstaklinganna innan hans (Gladding, 2012; Jennings og Sawyer, 2003). Þátttakendur fá tækifæri til að reyna nýja hegðun eða hugsun, þróa hana og fá til baka endurgjöf frá öðrum þátttakendum í hópnum (Corey, Corey og Corey, 2010).

Hópvinna hefur reynst árangursrík við meðferð einstaklinga sem takast á við fjölbreyttan vanda. Fólk getur samsamað sig vanda annarra í hópnum og þar með öðlast betri skilning á eigin vanda og aðstæðum (Kurland o.fl., 2004; Cartwright, 2008). Einnig hefur hópvinna reynst gagnleg fyrir einstaklinga sem hafa orðið fyrir áföllum, t.d. ofbeldi eða missi, og fyrir fólk sem glímur við andlega erfiðleika eða félagslega einangrun (Kanas, 2005; LaGasse, 2014; Ranjan, Pradhan og Wong, 2014; Sharif, Mansouri, Jahanbin og Zare, 2010; Sigrún Júlíusdóttir, 2002).

Fræðimenn telja að einstaklingshyggja sem hafi verið ríkjandi frá miðri síðustu öld í vestrænum samfélögum hafi leitt til ákveðinnar þröngsýni á meðal stjórnenda á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu og ýtt undir einsleitni í vinnuaðferðum. Því hafi tilhneigingin orðið sú að leggja áherslu á einstaklingsvinnu í stað þess að nota þá krafta sem búa í hópvinna (Cartwright, 2008; Drumm, 2006). Rannsóknir á hópvinna benda þó til þess að útbreiðsla vinnuaðferða sé mismunandi milli fagstétta og einnig mismikil eftir tímabilum (Drumm, 2006). Innan félagsráðgjafar virðist hópvinna aukast þegar kreppir að í samfélögum. Ástæðan gæti verið sú að vinsældir hópvinna aukist þegar stórir hópar fólks verða fyrir svipaðri reynslu, svo sem þeirri að þurfa að takast á við miklar samfélagslegar breytingar, en dali þess á milli (Farley, Smith og Boyle, 2006; Gladding, 2012). Niðurstöður úr rannsókn meðal klínískra sálfræðinga frá árinu 2003 sýna að dregið hefur úr notkun hópvinna í meðferðarvinnu frá árinu 1981 til ársins 2003, úr 37% tilfella í 20% (Norcross, Karpiak og Santoro, 2005). Í þessu samhengi er mikilvægt að benda á að sjöundi og áttundi áratugur 20. aldar

hafa verið kallaðir blómatími hópvinna í vestrænum samfélögum. Á þessum árum var mikið um tilraunir í hópvinna sem leiddu til þróunar og nýrra starfshátta við meðferðarstarf í hópum (Gladding, 2012). Aftur á móti benda niðurstöður rannsókna meðal iðjuþjálfra til þess að hópvinna sé nokkuð stöðug og almennt mikið notuð starfsaðferð í þeirra fagi (Bullock og Bannigan, 2011).

Fræðimenn hafa lýst yfir áhyggjum sínum af ónógri nýtingu hópvinna. Þeir telja að slík fræði vanti í menntun fagstéttanna og að þar skorti einnig viðeigandi þjálfun (Drumm, 2006; Kurland o.fl., 2004; Counselman, 2008). Gagnrýnt hefur verið að hópvinna hafi ekki fengið nægilegt rými í starfi fagstétta vegna virðingarleysis sem starfsaðferðin hafi löngum búið við. Bent hefur verið á að hvorki skólakennarar né starfsþjálfunarkennarar á vettvangi fái nægilegt svigrúm til að kenna hópvinna og þjálfra nemendur í henni, heldur færast áherslan oft yfir á önnur svið kennslu og þjálfunar. Fræðimenn eru sammála um að hópvinna sé góð aðferð til að skilja margslungin mannleg samskipti. Því eru þjálfaðir og menntaðir fagmenn hvattir til að styðja nýliða á vettvangi við að nýta kosti hópvinna (Counselman, 2008). Það var ekki fyrr en undir lok síðustu aldar að bandarísk samtök sérfræðinga í hópvinna (Association for Specialists in Group Work) birtu staðla fyrir menntun og þjálfun leiðbeinenda í hópvinna. Með stöðlunum er gerð tilraun til að auka vægi hópvinna og þar er lögð áhersla á mikilvægi menntunar og sérhæfðar þjálfunar þegar unnið er með hópum. Fagmenn sem taka að sér að leiða meðferðarhópa þurfa samkvæmt stöðlunum að hafa til þess sérhæfða menntun og vinna undir leiðsögn og handleiðslu manna sem hafa reynslu á viðkomandi sviði (Gladding, 2012).

Fagstéttirnar þrjár sem voru viðfang rannsóknarinnar, félagsráðgjafar, iðjuþjálfar og sálfræðingar, ljúka sambærilegri menntun í háskóla til þess að öðlast starfsréttindi. Þær sinna allar meðferð einstaklinga og vinna gjarnan saman í þverfaglegu samstarfi. Hópvinna er ein af meginvinnuaðferðum allra þessara faghópa. Starf þeirra byggist á heilðrænni nálgun og lögð er áhersla á að stuðla að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð skjólstæðinganna. Í meðferðarhópum vinna fagstéttirnar að persónulegri uppbyggingu hvers og eins og hjálpa þátttakendum að takast á við áföll eða breytingar (Andrews, 2001; Baker, McFall og Shoham, 2008; Drumm, 2006; Hitch og Lhuede, 2015).

Eins og áður segir hafa fræðimenn haft áhyggjur af því að menntun og þjálfun í notkun hópvinna sé af skornum skammti í námi verðandi fagmanna (Drumm,

2006; Kurland o.fl., 2004; Counselman, 2008). Því var skipulag náms í þessum fögum kannað í kennsluskram Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Akureyri og athugað hvort þar væri að finna námskeið í aðferðum hópvinnu.

Samkvæmt kennsluskra Háskóla Íslands er eitt námskeið í hópvinnu kennt í félagsráðgjöf og er námskeiðið hluti af meistaranámi til starfsréttinda í félagsráðgjöf. Námskeiðið er það eina í grunn- og framhaldsnámi í félagsráðgjöf sem snýr eingöngu að hópvinnu og aðferðum tengdum henni (Háskóli Íslands, e.d.-a). Í kennsluskra í grunn- og framhaldsnámi í sálfræði við Háskóla Íslands fannst ekkert námskeið með heiti sem benti til þess að þar væri fjallað um hópvinnu (Háskóli Íslands, e.d.-b; Háskóli Íslands, e.d.-c). Sama var að segja um grunn- og framhaldsnám í sálfræði við Háskólann í Reykjavík og um grunnám í sálfræði við Háskólann á Akureyri, engin merki fundust um námskeið í starfsháttum hópvinnu (Háskólinn í Reykjavík, e.d.-a; Háskólinn í Reykjavík, e.d.-b; Háskólinn á Akureyri, e.d.-a). Í umfjöllun um iðjuþjálfun í kennsluskra Háskólans á Akureyri var ekki að finna neitt námskeið í BS-námi sem sneri að hópum eða hópvinnu (Háskólinn á Akureyri, e.d.-b). Mikilvægt er að taka fram að þótt ekki sé hægt að sjá í kennsluskra í sálfræði og iðjuþjálfun að hópvinnna sé kennd er ekki útilokað að hópvinnna sé kennd sem hluti námskeiða sem snúast einkum um önnur efni.

Í þessari grein er leitast við að skoða hversu algengt það er að félagsráðgjafar, iðjuþjálfar og sálfræðingar beiti hópvinnu í faglegu starfi og hvort fagstéttirnar telja sig hafa fengið menntun í þeirri vinnuáferð í námi sínu. Leitast var svara við eftirfarandi rannsóknarspurningum:

1. Hversu mikið nota félagsráðgjafar, iðjuþjálfar og sálfræðingar starfsaðferðir hópvinnu í faglegu starfi?
2. Telja félagsráðgjafar, iðjuþjálfar og sálfræðingar að þeir hafi í námi sínu fengið menntun til að vinna meðferðarvinnu með hópa?

### Aðferð

Rannsóknin sem hér um ræðir er hluti meistara- verkfnis Anítu Kristjánsdóttur (2015). Gagna var aflað með rafrænni spurningakönnun. Spurningalistinn innihélt 13 spurningar og 5 bakgrunnsbreytur. Tölf spurninganna voru með fimm punkta Likertskala, frá 1 (reglulega/algengt/sammála) til 5 (ekki/óalgengt/ ósammála) en ein spurning var opin þar sem þátttakendum gafst tækifæri til að svara í lengra máli. Í inn-

gangi spurningalistans kom fram að í könnuninni væri einungis átt við hópvinnu sem notuð er til stuðnings, ráðgjafar og meðferðar. Verið væri að spyrja um hópvinnu þar sem unnið er að því að styðja einstaklinga til að ná fram breytingum í lífi sínu. Til að koma í veg fyrir villur og galla var spurningalistinn forprófaður (Grétar Þór Eyþórsson, 2013) og lagður fyrir háskólanema til að fá ábendingar um orðalag spurninga og uppsetningu listans, sem síðan var bættur með til- liti til ábendinganna. Spurningalistinn var sendur með kynningarbréfi á 1.186 netföng, til allra félagsmanna með fulla aðild eða fagaðild að Félagsráðgjafafélagi Íslands, Iðjuþjálfafélagi Íslands og Sálfræðingafélagi Íslands. Alls bárust 282 svör og var því heildarsvör- un 24%. Tölfræðiúrvinnsla fór fram í tölfræðiforritinu SPSS. Var lýsandi tölfræði (e. descriptive statistics) beitt við framsetningu gagna og niðurstöður settar fram með myndrænum hætti í töflum og gröfum þar sem upplýsingar um tíðni, hlutföll og sambönd milli breytna koma fram. Einnig voru skoðuð tengsl á milli ákveðinna breytna með krosstöflum og kí-kvaðrat marktektarprófi.

### Niðurstöður

Þegar bakgrunnsbreytur voru skoðaðar kom fram að félagsráðgjafar voru 38% svarenda, 24% voru sálfræðingar og 38% iðjuþjálfar. 11 einstaklingar gáfu ekki upp hvaða stétt þeir tilheyrðu. Mikill meirihluti var konur eða 92%, og 8% karlar. Flestir voru á aldrinum 25 til 55 ára eða 85%. Meirihluti svarenda starfaði hjá ríki og sveitarfélagi eða 78%. Aðeins 4% störfuðu sjálfstætt og 6% hjá einkareknum stofnunum. Þeir einstaklingar sem ekki gáfu upp starfsstað voru 9. Flestir svarenda höfðu starfað 5 ár eða skemur á vettvangi eða 37%.

Alls 61% þátttakenda sagðist nota hópvinnu í starfi en 39% sögðust ekki nota hópvinnu. Marktækur munur mældist á notkun hópvinnu eftir starfsstéttum með kí-kvaðrat prófi,  $p\text{-gildi}=0,013$  og kí-kvaðrat= $8,6$ . Iðjuþjálfar notuðu hópvinnu mest af fagstéttunum þremur, og sagðist 71% iðjuþjálfar nota hópvinnu í starfi. Félagsráðgjafar notuðu hópvinnu minnst. Aðeins um helmingur þeirra sagðist nota hópvinnu í starfi. Hópvinnunotkun sálfræðinga var mitt á milli fyrrnefndra starfsstétta og sögðust 63% sálfræðinganna nota hópvinnu í starfi.

Eins og sjá má í töflu 1 mældist marktækur munur með kí-kvaðrat= $39,5$  og  $p\text{-gildi}=0,000$  milli starfsstétta þegar skoðað var hversu mikið þátttakendur notuðu hópvinnu.



**Tafla 1. Notkun hópinnu eftir fagstétt**

	Félagsráðgjafi	Iðjuþjálfari	Sálfræðingur	Alls
Reglulega	16 (16%)	54 (53%)	18 (29%)	88
Oft	13 (13%)	8 (8%)	9 (14%)	30
Stundum	13 (13%)	8 (8%)	13 (20%)	34
Sjaldan	9 (9%)	3 (3%)	2 (3%)	14
Nota ekki hópinnu	50 (49%)	28 (28%)	21 (33%)	99
Alls	101 (38%)	101 (38%)	63 (24%)	265

Sambandið milli breytna marktækt með 95% öryggisbil, p-gildi <0,05 og kí-kvaðrat 39,5

Iðjuþjálfar voru sú fagstétt sem sagðist nota hópinnu oftast. Samtals 61% þeirra sagðist nota hópinnu reglulega eða oft. Þá sögðust 29% sálfræðinga nota hópinnu reglulega en 35% sálfræðinga sögðust nota hópinnu oft eða stundum. Félagsráðgjafar virtust nota hópinnu einna sjaldnast. Aðeins 16% þeirra sögðust nota hópinnu reglulega, 13% sögðust nota hana oft og 13% stundum.

**Tafla 2. Notkun hópinnu eftir starfsvettvangi**

	Ríki	Sveitarfélag	Starfa hjá einkarekinni starfsemi	Sjálfstætt starfandi	Annað	Alls
Já (ég nota hópinnu)	65 (62%)	56 (53%)	10 (59%)	12 (92%)	22 (79%)	165
Nei (ég nota ekki hópinnu)	40 (38%)	50 (47%)	7 (41%)	1 (8%)	6 (21%)	104
Alls	105 (39%)	106 (39%)	17 (6%)	13 (4%)	28 (10%)	269

Sambandið milli breytna marktækt með 95% öryggisbil, p-gildi <0,05 og kí-kvaðrat 12,06

Eins og sjá má í töflu 2 mælist marktækur munur með kí-kvaðrat=12,06 og p-gildi= 0,017 þegar athuguð er notkun hópinnu eftir starfsstað. Álíka stór hluti sagðist nota hópinnu í starfi sínu hjá ríki, sveitarfélagi og einkarekinni stofnun eða um 60%. Af þeim sem störfuðu sjálfstætt sögðust 92% nota hópinnu í starfi.

**Tafla 3. Hversu algengt telja fagstéttirnar vera að aðrir í sömu stétt noti hópinnu?**

	Félagsráðgjafi	Iðjuþjálfari	Sálfræðingur	Alls
Mjög algengt	2 (2%)	34 (34%)	7 (11%)	43
Frekar algengt	26 (25%)	52 (52%)	32 (51%)	110
Hvorki algengt né óalgengt	33 (32%)	12 (12%)	18 (29%)	63
Frekar óalgengt	37 (36%)	2 (2%)	6 (10%)	45
Mjög óalgengt	6 (6%)	0 (0%)	0 (0%)	6
Alls	104 (39%)	100 (37%)	63 (24%)	267

Sambandið milli breytna marktækt með 95% öryggisbil, p-gildi <0,05 og kí-kvaðrat 100,1

Líkt og kemur fram í töflu 3 er marktækur munur með kí-kvaðrat=100,1 og p-gildi=0,000 á því hversu algengt

stéttirnar þrjár töldu vera að aðrir í sinni stétt notuðu hópinnu. Mikill meirihluti iðjuþjálfara taldi mjög algengt eða frekar algengt að aðrir iðjuþjálfar notuðu hópinnu í starfi sínu eða samtals 86%. Þá töldu 62% sálfræðinga notkun hópinnu vera frekar eða mjög algenga í sinni stétt. Hins vegar álitu aðeins 27% félagsráðgjafa notkun hópinnu vera mjög eða frekar algenga hjá öðrum félagsráðgjöfum en 42% þeirra töldu hana vera frekar eða mjög óalgenga.

**Tafla 4. Þjálfun og kennsla í aðferðum hópinnu í námi eftir starfsstéttum**

	Félagsráðgjafi	Iðjuþjálfari	Sálfræðingur	Alls
Mjög sammála	11 (11%)	32 (32%)	7 (11%)	50
Frekar sammála	43 (41%)	43 (43%)	23 (37%)	109
Hvorki sammála né ósammála	21 (20%)	14 (14%)	7 (11%)	42
Frekar ósammála	27 (26%)	10 (10%)	14 (22%)	51
Mjög ósammála	2 (2%)	1 (1%)	12 (19%)	15
Alls	104 (39%)	100 (37%)	63 (24%)	267

Sambandið milli breytna marktækt með 95% öryggisbil, p-gildi <0,05 og kí-kvaðrat 51,6

Spurt var að því hvort þátttakendur teldu sig hafa hlotið þjálfun í aðferðum hópinnu í námi. Marktækur munur með p-gildi =0,000 og kí-kvaðrat 51,6 mældist á starfsstéttum. Sjá má niðurstöður í töflu 4.

Hlutfallslega flestir iðjuþjálfar töldu sig hafa fengið kennslu og þjálfun í aðferðum hópinnu og voru samtals 75% þeirra mjög eða frekar sammála fullyrðingunni. Svipað hlutfall félagsráðgjafa og sálfræðinga var sammála því að hafa hlotið kennslu og þjálfun í aðferðum hópinnu eða um 50%.

Þegar skoðað var með opinni spurningu í hvaða tilfellum fagstéttirnar völdu að nýta hópinnu sögðust félagsráðgjafar nota fjölbreyttar aðferðir hópinnu. Þeir nefndu sérstaklega hópinnu með ungu fólki, þeim sem hefðu orðið fyrir áfalli, þeim sem glímdu við geðsjúkdóma og fólki í fjárhagsvanda. Meðal iðjuþjálfara var hópinnu helst notuð til að auka félagsfærni ásamt minningar- og virknivinnu og einnig í sjálfstyrkingar- og sjálfshjálparhópum. Meirihluti sálfræðinga sagðist beita atferlismeðferð í hópinnu með fjölbreyttum hópi skjólstaðinga.

**Umráða**

Félagsráðgjafar, iðjuþjálfar og sálfræðingar beita þó nokkurri hópinnu í faglegu starfi en munur er á milli fagstétta í hve miklum mæli það er gert. Það er mismunandi hvað fagstéttirnar telja sig hafa fengið góðan undirbúning í námi til þess að vinna með hópum.



Þátttakendur voru flestir konur á aldrinum 25–55 ára, opinberir starfsmenn sem höfðu unnið 5 ár eða skemur á vettvangi. Tæplega 40% allra þátttakenda sögðust ekki nota hópvinnu. Það má velta því fyrir sér hvort takmörkuð reynsla á starfsvettvangi geti haft áhrif á það að svo hátt hlutfall þátttakenda nýtir ekki hópvinnu, því að starfshættir hópvinnu krefjast þjálfunar og reynslu þeirra sem leiða slíka vinnu (Gladding, 2012). Þessar niðurstöður eru því að einhverju leyti í takt við áhyggjur og skoðanir fræðimanna um vannýtingu hópvinnu (Drumm, 2006; Kurland o.fl., 2004).

Iðjuþjálfar reyndust nota hópvinnu mest og oftast og er það í samræmi við niðurstöður annarra rannsóknna (Bullock og Bannigan, 2011). Eins og fram hefur komið hefur hópvinna verið talin ein af lykilaðferðum í starfi iðjuþjálfara og er rík hefð fyrir hópvinnu innan greinarinnar (Hitch og Lhuede, 2015). Sálfræðingar virðast nota hópvinnu talsvert en í heldur minni mæli en iðjuþjálfar. Niðurstöður bandarískrar rannsóknar frá 2003 bentu til þess að dregið hefði verulega úr hópvinnu í starfi bandarískra sálfræðinga á rúmum tveimur áratugum, og hafði hlutfallið farið úr 37% í 20%. Hlutfallslega er því hópvinna sálfræðinga hér á landi svipuð og hún var meðal sálfræðinga í Bandaríkjunum á blómaskeiði hópvinnu á sjöunda og áttunda áratugnum. Félagsráðgjafar reyndust vera sú stétt sem notaði hópvinnu einna minnst samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Það er athyglisvert í ljósi þess að hópvinna hefur fylgt félagsráðgjöf frá upphafi og jafnvel verið talin óaðskiljanlegur hluti af þjónustu félagsráðgjafa (Andrews, 2001; Drumm, 2006). Margir félagsráðgjafar vinna hjá opinberum aðilum og gæti það haft áhrif á það hvaða áherslur og vinnuaðferðir eru valdar.

Flestir þátttakenda í könnuninni störfuðu hjá hinu opinbera. Rúmlega helmingur þátttakenda sagðist nota hópvinnu í starfi hjá ríki, sveitarfélagi og einkarekinni stofnun. Þeir sem störfuðu sjálfstætt skáru sig talsvert úr og virðast nota hópvinnu í mun ríkari mæli. Má velta því fyrir sér hvort fastheldni stofnana og skrifræði geti leitt til þess að vinnubrögð verði einsleitari og áhersla þá frekar lögð á einstaklingsvinnu en hópvinnu. Skýring gæti líka legið í eðli þeirra verkefna sem sjálfstætt starfandi fagfólk fæst við.

Athyglisverðar niðurstöður fengust úr spurningunni um hvort hópvinna væri almenn í stétt þátttakandans. Iðjuþjálfar og sálfræðingar telja algengara að stéttarfélagarnir nýti þá aðferð en raunin varð í þessari rannsókn. Félagsráðgjafarnir töldu hins vegar hópvinnu talsvert óalgengari á meðal sinnar stéttar en hér kemur

fram. Hægt er að velta því fyrir sér hvort þessi niðurstaða bendi til þess að félagsráðgjafar líti ekki á hópvinnu sem eina af megináðferðum sinnar stéttar heldur frekar aðferð sem gripið er til í einstaka tilviki eða bara við sérstakar aðstæður.

Fræðimenn hafa bent á mikilvægi góðrar menntunar í hópvinnu (Drumm, 2006; Kurland o.fl., 2004). Flestir iðjuþjálfar töldu sig hafa fengið menntun og þjálfun í hópvinnu í námi en hlutfallslega talsvert færri sálfræðingar og félagsráðgjafar töldu sig hafa hlotið slíka menntun og þjálfun. Það er athyglisvert að aðeins helmingur félagsráðgjafa taldi sig hafa fengið undirbúning til þess að vinna með hópum í námi sínu, því að samkvæmt kennsluskrá Háskóla Íslands er eitt námskeið í félagsráðgjafardeild sérstaklega helgað hópvinnu (Háskóli Íslands, e.d.-a).

Eins og áður hefur komið fram var spurt einnar opinnar spurningar þar sem þátttakendum gafst færi á að útlista hvaða hugmyndafræðilegu nálgun þeir hefðu beitt í hópvinnu sinni og með hvaða hópum einstaklinga þeir hefðu unnið. Félagsráðgjafar nefndu einkum hópvinnu með einstaklingum sem hefðu orðið fyrir áfalli eða glímdu við geðsjúkdóma, vinnu með unglingum í vímuefnavanda og með fólki sem þiggur fjárhagsaðstoð. Eins og fram hefur komið hafa rannsóknir meðal annars sýnt fram á gagnsemi hópvinnu með þessum sömu hópum (Kanas, 2005). Iðjuþjálfar sögðust beita hópvinnu í formi virknivinnu með það að markmiði að auka félagsfærni og stuðla að jafningjatengslum. Rannsóknir hafa einmitt bent til þess að hópvinna sé heppilegur kostur við slíkar aðstæður (Ranjan o.fl., 2014). Einnig töluðu iðjuþjálfar um að þeir notuðu hópvinnu með öldruðum meðal annars með minningavinnu. Minningavinna er útbreidd og vinsæl aðferð í meðferðarvinnu með eldra fólki og hafa rannsóknir sýnt góðan árangur af slíkri vinnu (Sharif o.fl., 2010). Meirihluti sálfræðinga sagðist beita atferlismeðferð í hópvinnu með fjölbreyttum hópi skjólstæðinga.

Ástæða er til að athuga nánar umfang og eðli hópvinnu í félagsráðgjöf. Einnig er mikilvægt að skoða hvernig félagsráðgjafar taka ákvarðanir um það hvaða starfsaðferðir skuli nýta í hverju tilfalli.

Takmörkun rannsóknarinnar liggur í lágu svarhlutfalli, sem veikir alhæfingargildi rannsóknarinnar yfir á þýðið. Þó er mikilvægt að hafa í huga að netfangalistinn sem notaður var er ekki reglulega uppfærður þannig að netföng geta verið óvirk og einnig er mögulegt að einhverjir aðilar séu með tvö netföng. Því má ætla að heildarhlutfall svörunar sé í raun hærra en fram kemur þegar fjöldi útsendinga er lagður til grundvallar.



Það er aftur á móti styrkleiki fyrir rannsóknina að spurningalistinn var sendur út á allt þýðið. Þá hefur lágt svarhlutfall ekki eins mikil áhrif.

### Heimildir

- Andrews, J. (2001). Group work's place in social work: A historical analysis. *Journal of Sociology and Social Welfare*, 28(4), 45–65.
- Aníta Kristjánsdóttir. (2015). *Þekking, beiting og viðhorf fagfólks til aðferða hópvinnu*. Óbirt meistaraþrófsritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Baker, T.B., McFall, R.M. og Shoham, V. (2008). Current status and future prospects of clinical psychology: Toward a scientifically principled approach to mental and behavioral health care. *Psychological Science in the Public Interest*, 9(2), 67–103. doi: 10.1111/j.1539-6053.2009.01036.x
- Bullock, A. og Bannigan, K. (2011). Effectiveness of activity-based group work in community mental health: A systematic review. *The American Journal of Occupational Therapy*, 65(3), 257–266. doi: 10.5014/ajot.2011.001305
- Cartwright, D. (2008). Achieving change in people: Some applications of group dynamics theory. *Group Facilitation*, 9, 59–65.
- Corey, M.S., Corey, G. og Corey, C. (2010). *Groups – process and practice*. San Diego: Brooks/Cole.
- Counselman, E.F. (2008). Why study group therapy? *International Journal of Group Psychotherapy*, 58(2), 265–272. doi: abs/10.1521/ijgp.2008.58.2.265
- Drumm, K. (2006). The essential power of group work. *Social Work with Groups*, 29(2–3), 17–31. doi: 10.1300/J009v29n02\_02
- Farley, O.W., Smith, L.L. og Boyle, S.W. (2006). *Introduction to Social Work*. Boston: Pearson Education.
- Gladding, S.T. (2012). *Groups – a counseling speciality*. Boston: Pearson.
- Grétar Þór Eyþórsson. (2013). Spurningakannanir: Um orð og orðanotkun, uppbyggingu og framkvæmd. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 453–472). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Háskóli Íslands. (e.d.-a). *Kennsluskrá 2015–2016 – Félagsráðgjöf: Starfsréttindanám, MA*. Sótt 6. september 2015 af [https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&cid=100664\\_20156&kennsluar=2015](https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&cid=100664_20156&kennsluar=2015)
- Háskóli Íslands. (e.d.-b). *Kennsluskrá 2015–2016 – Sálfræði, BS*. Sótt 6. september 2015 af [https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&cid=100200\\_20156&kennsluar=2015](https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&cid=100200_20156&kennsluar=2015)
- Háskóli Íslands. (e.d.-c). *Kennsluskrá 2015–2016 – Sálfræði, cand. psych.* Sótt 6. september 2015 af [https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&cid=100212\\_20156&kennsluar=2015](https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&cid=100212_20156&kennsluar=2015)
- Háskólinn á Akureyri. (e.d.-a). *Náms- og kennsluskrá 2015–2016 – Sálfræði, BA*. Sótt 6. september 2015 af [https://ugla.unak.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&cid=640028\\_20156&namskra=1](https://ugla.unak.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&cid=640028_20156&namskra=1)
- Háskólinn á Akureyri. (e.d.-b). *Náms- og kennsluskrá 2015–2016 – Iðjuþjálfunarfræði, BS*. Sótt 6. september 2015 af [https://ugla.unak.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&cid=640052\\_20156&kennsluar=2015](https://ugla.unak.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&cid=640052_20156&kennsluar=2015)
- Háskólinn í Reykjavík. (e.d.-a). *Sálfræði BSc*. Sótt 6. september 2015 af <http://www.ru.is/vd/salfrædi/salfrædi-bsc#tab1>
- Háskólinn í Reykjavík. (e.d.-b). *MSc í klínískri sálfræði*. Sótt 6. september 2015 af <http://www.ru.is/vd/salfrædi/salfrædi-msc/#tab2>
- Hitch, D. og Lhuede, K. (2015). Research priorities in mental health occupational therapy: A study of clinician perspectives. *Australian Occupational Therapy Journal*, 62(5), 326–332. doi: 10.1111/1440-1630.12223
- Jennings, J. L. og Sawyer, S. (2003). Principles and techniques for maximizing the effectiveness of group therapy with sex offenders. *Sexual Abuse: A Journal of Research and Treatment*, 15(4), 251–267.
- Kanas, N. (2005). Group therapy for patients with chronic trauma-related stress disorders. *International Journal of Group Psychotherapy*, 55(1), 161–165.
- Kurland, R., Salmon, R., Bitel, M., Goodman, H., Ludwig, K., Newmann, E.W. og Sullivan, N. (2004). The survival of social group work: A call to action. *Social Work with Groups*, 27(1), 3–16. doi: abs/10.1300/J009v27n01\_02
- LaGasse, A.B. (2014). Effects of a music therapy group intervention on enhancing social skills in children with autism. *Journal of Music Therapy*, 51(3), 250–275. doi: 10.1093/jmt/thu012
- Lewin, K. (1947). Frontiers in group dynamics II. Channels of group life; Social planning and action research. *Human relations*, 1(2), 143–153. doi: 10.1177/001872674700100201
- Norcross, J.C., Karpiak, C.P. og Santoro, S.O. (2005). Clinical psychologists across the years: The division of clinical psychology from 1960 to 2003. *Journal of Clinical Psychology*, 61(12), 1467–1483. doi: 10.1002/jclp.20135
- Ranjan, R., Pradhan, K.R. og Wong, J. (2014). Effect of transdisciplinary approach in group therapy to develop social skills for children with autism spectrum disorder. *Theory and Practice in Language Studies*, 4(8), 1536–1542.
- Sharif, F., Mansouri, A., Jahanbin, I. og Zare, N. (2010). Effect of group reminiscence therapy on depression in older adults attending a day centre in Shiraz, southern Islamic Republic of Iran. *Eastern Mediterranean Health Journal*, 16(7), 765–770.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2002). *Ævintýri á fjöllum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Whatley, L.R. (2012). Individual “states” model for healthy group dynamics. *Organization Development Journal*, 30(3), 40–53.